

**TILSKIPUN RÁÐSINS**

frá 24. júlí 1979

**um breytingu á tilskipun 76/768/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna um  
snyrtivörur****(79/661/EBE)**

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,  
einkum 100. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Í 5. gr. tilskipunar ráðsins 76/768/EBE frá 27. júlí 1976, um samræmingu laga aðildarríkjanna um snyrtivörur <sup>(1)</sup>, er mælt svo fyrir um að þremur árum eftir birtingu tilskipunarinnar skulu efni og litarefni sem skráð eru í IV. viðauka annaðhvort heimilud endanlega eða bönnud endanlega, leyfð þrjú ár til viðbótar eða felld niður í öllum viðaukum.

Í ljósi þeirra margþættu vandamála sem leysa þarf er ekki unnt að standa við þessi tímamörk og verður því að framlengja þau.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

*1. gr.*

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á tilskipun 76/768/EBE:

1. Í fyrstu undirgrein 5. gr. komi „fyrir 31. desember 1980“ í stað „á þriggja ára tímabili að telja frá birtingu þessarar tilskipunar.“

2. Í annarri undirgrein 5. gr. komi „Frá 1. janúar 1981“ í stað „Að loknu þessu þriggja ára tímabili.“

*2. gr.*

Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að tilskipun þessari fyrir 30. júlí 1979. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

*3. gr.*

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 24. júlí 1979.

*Fyrir hönd ráðsins,*

M. O'KENNEDY

*forseti.*

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 262, 27. 9. 1976, bls. 169.